



Svæðisskipulagsnefnd SSA

Mætt: Stefán Bogi Sveinsson (SBS, Múlaþing), Ívar Dan Arnarson (ÍDA, Fjarðabyggð), Valur Sveinsson (VS, Fjarðabyggð), Teitur Helgason, (TH, Vopnafjörður) Gunnþórunn Ingólfssdóttir (GI, Fljótisdalur), Axel Örn Sveinbjörnsson, (AÖS Vopnafjörður), Huguína Hjálmarsdóttir (HH, Múlaþing), Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ, Austurbrú) og Jón Knútur Ásmundsson (JKÁ, Austurbrú),

Boðuð forföll: Eydís Ásbjörnsdóttir, Sara Elísabet Svansdóttir, Lárus Heiðarsson og Díana Mjöll Sveinsdóttir.

Fundur 8. september 2021.

Fundurinn fór fram á Teams frá klukkan 9:00 til 12:00.

Formaður nefndarinnar (SBS) setti fundinn kl. 9:00 og gengið var til dagskrár.

Fundurinn var tekin upp og verður aðgengilegur nefndarmönnum á innri vef ásamt öðrum gögnum samanber upplýsingar frá JÁÞ.

SBS tilkynnti að María Markúsdóttir, fulltrúi Múlaþings, hefði vikið úr nefndinni. Huguína Hjálmaradóttir tekur hennar stað.

1. Samningur um vinnslu annars áfanga.

JÁÞ fór yfir hvernig vinnu við fyrsta áfanga hefur verið háttað. Hún ræddi jafnframt um greiðsluþátttöku Skipulagsstofunar fyrir fyrsta og annan áfanga sem ljúka á fyrir áramót. JÁÞ mun vera í sambandi við stofnunina vegna greiðsluþátttöku í áföngum þrjú til fimm sem koma til framkvæmda á næsta ári. Fyrir fundinum lágu drög að samningi fyrir annan áfanga við Alta. Samþykkir nefndin drögin og felur framkvæmdastjóra að undirrita hann.

Matthildur Kr. Elmarsdóttir (MKE) og Elín Guðnadóttir (EG), ráðgjafar Alta, komu inn á fundinn 9:15 að loknum fyrsta lið.

2. Upprifjun um hlutverk svæðisskipulags sem regnhlíf fyrir aðrar áætlanir á Austurlandi og starf á vegum SSA/Austurbrúar.

JÁÞ fór yfir tilgang vinnunnar og pýðingu þess fyrir aðrar áætlanir landshlutans. MKE minnti á að svæðisskipulagið ætti að vera stefnumarkandi skjal, ekki útfærsla á aðgerðum í smáatriðum.

3. Tímaás til áramóta og svo fram á vor

MKE fór yfir tímaplan fram til áramóta og hvernig vinnan næstu vikunar væri hugsuð en haldnir verða fjórir nefndarfundir fram að samráðfundi á haustþingi SSA 19. nóvember. Umræður og athugasemdir frá haustþinginu verða tvínaðar við vinnslutillögu í desember og í byrjun næsta árs hefst vinna við kynningartillögu. MKE fór yfir það hvernig þau sæju vinnuna þróast á fyrstu mánuðum næsta árs og tiltók nokkar lykildagsetningar.

Nokkrar umræður voru um tímaáætlunina m.a. í samhengi við fundi skipulagsnefnda sveitarfélaga og sveitarstjórna.

4. Kynning á skapalóni fyrir skipulagsgreinargerð

MKE fór yfir vinnuna hjá Alta frá aðalfundi SSA í júní og kynnti skapalón sem verður uppbyggingin á efnisinnihaldi svæðisskipulagsins. Hún gaf mynd af því hvernig útlitið yrði en markmiðið er að efnið verði hrað- og auðlesið.

5. Kynning á nálgun við umhverfismat skipulagstillögu

MKE fór yfir tengingu svæðisskipulagsvinnunnar við heimsmarkmið SP og vísa sem þegar hafa verið skilgreindir á Austurlandi s.s. í sóknaráætlun o.fl. SBS ítrekaði mikilvægi þess að svæðisskipulagið væri ekki frístandandi plagg heldur hefði tengingar við aðrar áætlanir „bæði upp og niður“ þ.e. við áætlanir á heims- og landsvísu og að líka væri samband við þær áætlanir sem gerðar eru á sveitarstjórnarstiginu s.s. aðalskipulag.

MKE fór yfir það hvernig unnið verður í ferlinu á mati á því hvernig svæðisskipulagið samræmist heimsmarkmiðum og markmiðum um sjálfbæra þróun.

6. Kynning á drögum að stefnu um Góð heimkynni

- Markmið
- Leiðir að markmiðum
 - o Áherslur fyrir aðal- og deiliskipulagsgerð
 - o Verkefni á öðrum sviðum

MKE fór yfir drög að kafla sem bera mun heitið Góð heimkynni. Farið var yfir markmið stefnunar og markmið fyrir undirsvið hennar s.s. „byggðamynstur og grunnkerfi, „vistkerfi og verndun“ og „staðir og landslag“. Drög að texta fyrir síðasta sviðið er í vinnslu og verður sendur nefndarmönnum til yfirlstrar í næstu viku.

MKE fór yfir drögin og opið var fyrir athugasemdir og ábendingar nefndarmanna um efnistökin og upplýsingar sem komu fram. Þá var spurt úti álit nefndarmanna á ýmsu sem kom fram í drögum.

7. Önnur mál

Að lokinni kynningu spurði SBS hvernig kynningu á svæðisskipulagsvinnunni væri háttað hjá sveitarfélögum. GI upplýsti að sveitarstjórn í Fljótisdal væri upplýst um framgang verkefnisins. JÁÞ hvatti nefndarmenn til að upplýsa sitt bakland um vinnuna og ræða hana. Á samráðsfundi í nóvember, haustþinginu, væri eflaust heppilegt ef fundarmenn þekktu til og gerðu sér grein fyrir áherslum í vinnunni. JÁÞ bauð nefndarmönnum að Austurbrú tæki saman upplýsingar sem hægt væri að nota við kynningu verkefnisins. Verður það efni sent á nefndamenn fljótlega en einnig væri þá hægt að kalla eftir viðbótarkynningum ef þörf krefði.

8. Næsti fundur

Næsti fundur verður 29. september í samræmi við fundaráætlun.

Fundi slitið 11:50.